



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2005.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Markmið frumvarpsins er að skjóta stoðum undir ályktun Alþingis frá því í vor um stefnu í fjarskiptamálum. Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður til að ráðstafa fjármunum til framkvæmda á þessu sviði. Ráðgert er að ráðstafa samtals 2.500 m.kr. af söluandvirði Landssímans til sjóðsins á næstu fjórum árum.

Alþýðusamband Íslands mælti með því í umsögn 3. maí s.l. að fyrrnefnd ályktun Alþingis um stefnu í fjarskiptamálum yrði samþykkt. Alþýðusamband Íslands mælir einnig með því að það frumvarp sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,


Stefán Úlfarsson
Hagdeild ASÍ



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 132/167
komudagur 25.11.2005

Dagsetning 24. nóvember 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Fjarskiptasjóði er ætlað að úthluta fjármagni til verkefna sem ætla má að ekki verði ráðist í á markaðsforsendum. Sjóðurinn fær til þessara verkefna 2.500 milljónir króna af söluandvirði Landssímans á árunum 2005-2009. Verkefni sem til greina koma samkvæmt þess gætu í mörgum tilvikum haft verulega þýðingu fyrir byggðapróun og öryggi búsetu á landsbygginni. Þar má t.d. nefna þætti eins og að tryggja GSM samband og háhraðatengingar víðar á landinu en nú er.

Í trausti þess að tekið verði mið af byggðasjónarmiðum við ráðstöfun fjár úr sjóðnum gerir Byggðastofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði
Byggðastofnunar.

Alþingi
Erindi nr. P 132/225
komudagur 29.11.2005

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Ingvar Þór Sigurðsson
Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. nóvember 2005
SP/hó

Efni: Vísað er í erindi samgöngunefndar dags. 8. nóvember sl. þar sem leitað er umsgagnar um ofangreint frumvarp.
Tilv: 2005110008

Stjórn Bændasamtaka Íslands fagnar því að fjármagn þetta sé tekið frá og getur tekið undir lýsingu á hlutverki sjóðsins, eins og hún er í 2. grein frumvarpsins.

Verkefnin eru hins vegar mörg og fjárfrek, og stjórn Bændasamtaka Íslands leggur þunga áherslu á, að uppbygging fjarskipta og háhraða - nettenginga í dreifbýlinu verði forgangsverkefni. Jafnframt er farið fram á, að Bændasamtök Íslands geti tilnefnt einn fulltrúa í stjórn fjarskiptasjóðsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 132/450
komudagur 7.12.2005

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 5. desember 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings telur frumvarpið mjög þarft og mælir með samþykkt þess. Stjórnin bendir á sem dæmi að í Þingeyjarsýslu er í gangi verkefnið „rafrænt samfélag“. Fyrir liggur að ef það verkefni á að skila árangri verður að ráðast í endurbætur á fjarskiptakerfi svæðisins, en í dag standa léleg fjarskipti verkefninu mjög fyrir þrifum.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi
Erindi nr. P 132/337
komudagur 1.12.2005*

Reykjavík 30. nóvember

**Nefndsvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austursæti 8-10
150 Reykjavík.**

Efni: Frumvarp til laga um fjarskiptasjóð 191. mál.

FFSÍ biðst velvirðingar á þeim drætti sem orðinn er á umsögn varðandi þetta gagnmerka frumvarp. En betra er seint en aldrei. Farmanna og fiskimannasambandið styður eindregið frumvarpið, enda felur það í sér mjög svo jákvæð markmið til handa sjómönnum.

F.h. FFSÍ



Árni Bjarnason

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Alþingi

Erindi nr. P 132/226

komudagur 29.11.2005



Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Ísafirði, 25.nóvember 2005

Efni: Frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur fjarskiptasjóður, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er jákvæð gagnvart stofnun fjarskiptasjóðs en vill undirstrika mikilvægi þess að tekið verði tillit til þeirra landshluta sem búa óviðunandi ástand í fjarskiptamálum þegar kemur að forgangsróðun verkefna.

Afar mikilvægt er að það sé til sjóður sem styrki uppbyggingu verkefna á sviði fjarskiptamála þar sem markaðsforsendur eru ekki fyrir hendi. Sveitarstjórnarmenn á Vestfirðum hafa haft miklar áhyggjur af stöðu fjórðungsins þegar kemur að fjarskiptamálum og á 50. Fjórðungspingi Vestfirðinga samþykktu vestfirskir sveitarstjórnarmenn áskorun til samgönguráðherra þar sem skorað var á ráðherra að belta sér fyrir því að verkefni á sviði fjarskiptamála á Vestfirðum verði sett í forgang. Meðfylgjandi þessari umsögn er ályktun 50.Fjórðungspings um fjarskipti og grelnargerð um stöðu fjarskiptamála í fjórðungnum.

Með stofnun Fjarskiptasjóðs vonast stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að Vestfirðir sitji við sama borð aðrir landshlutar þegar kemur jöfnun aðgengis og öryggis fjarskipta.

F.h. stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Anna héra Jónsdóttir



Greinargerð um stöðu fjarskiptamála á Vestfirðum

Veruleg hætta er á því að Vestfirðir séu að dragast hratt aftur úr þeirri þróun sem nú á sér stað í fjarskiptamálum á landsvísu. Ljóst er að fyrirtæki og einstaklingar á Vestfirðum standa höllum fæti þegar kemur að öryggi í gagnaflutningum, þar sem þetta er eini landshlutinn sem ekki býr við hringtengingu ljósleiðarans. Á síðastliðnum tveim árum hefur það gerst þrisvar sinnum að ljósleiðarinn hefur rofnað og hefur það valdið fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu miklum óþægindum og valdið tjóni í viðskiptum. Ef landshlutinn á að geta laðað til sín samkeppnishæf fyrirtæki og stutt við uppbygginu núverandi og nýrra fyrirtækja þá þarf grunngerðin að vera í lagi. Síðustu ár hefur verið mikil aukning í gagnaflutningum hjá stofnunum og fyrirtækjum í fjórðungnum. Þróunin er í þá átt að tölvukerfin verða flóknari og stærri og þurfa því meiri hraða og aukið öryggi. Starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana á svæðinu er óviðunandi er kemur að öruggum fjarskiptum og gagnaflutningum. Rof á ljósleiðara til Vestfjarða, sem heyrir varia tii undantekningar lengur, dregur út samkeppnishæfni fyrirtækja og stofanna á svæðinu að laða til sín verkefni í samanburði við aðra landshluta. Ferðapjónustan færir einnig á þetta svið og til eru svæði sem ekki hafa enn ISND samband og gerir það ókleyft að stunda slíkan rekstur. Markaðssetning ferðapjónustunnar byggir í auknum mæli á notkun vefs og dregur það verulega úr möguleikum ferðapjónustu í dreifbýli að vera ekki í háhraðasambandi. Þétting GSM sambands á þjóðvegum á milli þéttbýliskjarna og á fjölförnum leiðum á Vestfirðum er afar brýn, enn eru stór svæði á Vestfirðum utan GSM dreifikerfisins. Aukin fjöldi ferðamanna á svæðinu kallar á betri þjónustu, en krafa nútímans er að vera í GSM sambandi sem víðast, auk hins augljósa öryggis sem í því felst, þar sem víða er strjálbýlt. Brýnt er að tryggja þá þjónustu við íbúa á Vestfirðum og ferðamenn, innlenda sem erlenda.



Ályktun um fjarskipti

50. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Patreksfirði 2.- 3. september 2005 ítrekar fyrri ályktanir um þéttingu GSM sambands á þjóðvegum á milli þéttbýliskjarna og á öðrum fjölförnum leiðum. Með uppsetningu á nokkrum GSM sendum á Vestfjörðum er hægt að koma á samfelldu GSM sambandi. Aukinn fjöldi ferðamanna á svæðinu kallar á betri þjónustu og krafa nútímans er að vera í GSM sambandi sem víðast, auk hins augljósa öryggis sem í því felst, þar sem víða er strjálbýlt.

Ljóst er að fyrirtæki á Vestfjörðum standa höllum fæti þegar kemur að öryggi ljósleiðarans, þar sem þetta er eini landshlutinn sem ekki býr við hringtengingu. Því fagnar Fjórðungsþingið þeirri samþykkt Alþingis um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010 sem samþykkt var á Alþingi í maí s.l.

Á síðastliðnum tveimur árum hefur það gerst í þrigang að ljósleiðarinn um Vestfirði hefur rofnað og hefur það valdið einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu miklum óþægindum og tjóni. Sífellt fleiri stofnanir og fyrirtæki eru algjörlega háð háhraðatengingum til að geta sinnt starfsemi sinni. Það er krafa þingsins að öll heimili, einstaklingar og fyrirtæki hafi aðgang að ADSL tengingu.

Fjórðungsþing skorar á samgönguráðherra að beita sér fyrir því að verkefni á sviði fjarskiptamála á Vestfjörðum verði sett í forgang.

Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd
Elías Jónatansson
Soffía Vagnsdóttir
Einar Örn Thorlacius
Birna Lárusdóttir
Ragnheiður Hákonardóttir
Sigurður Viggósson
Einar Pétursson
Elfa Björk Bragadóttir
Heiðar Jóhannsson
Framsögumaður: Elías Jónatansson

Nefndasvið Alþingis
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 28. nóvember 2005.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð. 132. lög-
gjafarþing 2005–2006. Þskj. 191—191. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 8. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Reykjavík, 18. nóvember 2005

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Samgöngunefndar.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191.mál.

Neyðarlínan hf. fagnar frumvarpi um fjarskiptasjóð sem hún telur vera mikið framfaramál.

Fyrirtækið leggur áherslu á að neyðar- og öryggisfjarskipti njóti framlaga úr sjóðnum en þar er um að ræða fjarskiptakerfi sem aðskilið frá er almennu símakerfi og er sérstaklega byggt til afnota fyrir viðbragðsaðila og öryggisþjónustu. Þannig rekur Neyðarlínan hf. í dag kerfi strandstöðva sem áður var í eigu Landssíma Íslands og er grundvallaratriði fyrir rekstur vakstöðvar siglinga. Þá er Neyðarlínan hf. einnig eigandi að TETRA-fjarskiptakerfnum ásamt Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur en TETRA-kerfið gegnir lykilhlutverki í fjarskiptum fyrir Almannavarnir, lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir. Bæði strandstöðvarnar og TETRA-kerfið þarfnast stuðnings af opinberu fé á næstu árum, enda er rekstur þeirra ekki samrýmanlegur sölu þjónustu á almennum markaði og nauðsynlegt er að ljúka útvíkkun þjónustukerfis TETRA-kerfisins sem fyrst.

Sem athugasemd við einstakar greinar frumvarpsins vill Neyðarlínan hf. leggja til að í 3. gr. verði mælt fyrir um ráðuneyti almannavarna þ.e. dóms- og kirkjumálaráðuneytið sem og fjármálaráðuneytið eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Neyðarlínan hf.


Þorhallur Ólafsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/54
komudagur 17.11.2005



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Alþingi
Samgöngunefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2005

Tilvísun: 2005110612 ÞS/--

Persónuvernd vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð. Farið hefur verið yfir efni þess frumvarps og gerir stofnunin ekki við það athugasemdir.

Virðingarfyllst
f.h. forstjóra Persónuverndar

Þórður Sveinsson
lögfræðingur

Málsnúmer Skjalalykill
Nefndasvið Alþingis 2005110057 211
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK 25. nóvember 2005

Frumvarp til laga um fjarskiptasjóð - 191. mál.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. nóvember sl., þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd verkefna sjóðsins sem njóta styrkja. Þar segir einnig að um framkvæmd útboða og eftirlit fari samkvæmt ákvæðum fjarskiptalaga. Í 23. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 segir að Póst- og fjarskiptastofnun skuli falið að gera samninga við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs um verkefni til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum sem ekki teljast til alþjónustu. Það er því ljóst að stofnuninni eru ætluð viðamikil verkefni í tengslum við starfsemi fjarskiptasjóðs.

Stofnunin telur mikilvægt að skýrt sé kveðið á um að sá kostnaður sem stofnunin mun bera vegna þessara verkefna verði greiddur úr fjarskiptasjóði. Tekjur Póst- og fjarskiptastofnunar í dag samanstanda annars vegar af veltutengdum gjöldum sem fyrirtæki á fjarskipta- og póstmárkaði greiða og hins vegar af gjöldum samkvæmt gjaldskrá sem greidd eru af viðskiptavinum stofnunarinnar vegna starfrækslu þráðlauss búnaðar og vegna skoðana sem stofnunin framkvæmir t.d. á fjarskiptabúnaði skipa. Ekki er eðlilegt að þjónustugjöldum og fjármunum sem ætlað er að standa undir eftirliti með markaðsaðilum sé ráðstafað í þágu útboða og eftirlits með verkefnum sem stjórnvöld ráðast í á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Í því sambandi ber að nefna að ströng skilyrði gilda um gjalddöku af fjarskiptafyrirtækjum og ráðstöfun þess fjár, skv. 12. gr. og 13. gr. tilskipunar 2002/20/EB um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun). Þar eru talin upp þau atriði sem heimilt er að fjármagna með gjalddöku af fjarskiptafyrirtækjum og eru útboð og eftirlit með verkefnum á borð við verkefni fjarskiptasjóðs ekki þar á meðal.

Af þessum sökum leggur Póst- og fjarskiptastofnun til að 7. gr. frumvarpsins orðist svo:

Fjarskiptasjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni og allan kostnað Póst- og fjarskiptastofnunar af starfsemi sem tengist verkefnum sjóðsins.

Virðingarfyllt,

Sigurjón Ingvason



Alþingi
Erindi nr. P 132/166
komudagur 25.11.2005

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 23. nóvember 2005

Tilvísun: 2005110087

091.1

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð


Vísað er til bréfs samgöngunefndar þann 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Ríkislögreglustjórinn lýsir sig fylgjandi því að settur verði upp sérstakur fjarskiptasjóður sem hafi það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglu og almannaþinga í umboði dómsmálaráðherra og starfrækir fjarskiptamiðstöð vegna fjarskipta og verkefnastýringar lögreglu sem grundvallast á Tetra fjarskiptum, auk þess að reka VHF fjarskiptakerfi almannaþinga sem er orðið gamalt og úr sér gengið.

Eitt brýnasta verkefnið á sviði löggæslu, björgunarmála og almannaþinga er að koma á samræmdu neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi sem nái til alls landsins fyrir viðbragðsaðila þ.m.t. lögreglu og almannaþinga. Kerfi sem sé aðskilið frá almennum símkörfum og sérstaklega byggt til afnota fyrir viðbragðsaðila og öryggisþjónustu. Tilkoma Tetra fjarskiptakerfisins hefur tryggt stóráukna samvinnu og samhæfingu lögregluliða og samstarfsaðila lögreglu á vettvangi á því svæði sem kerfið nær til. Ríkislögreglustjórinn leggur áherslu á nauðsyn þess að tryggður verði aukin dreifipéttleiki kerfisins þannig að það nái einnig til hinna dreifðu byggða landsins. Lögreglulið víða á landsbyggðinni og aðrir viðbragðsaðila hafa í reynd treyst á NMT fjarskiptakerfið sem þó hefur verið ófullnægjandi varðandi þarfir lögreglu. Því er brýnt að bætt verði úr fjarskiptamálum á landsbyggðinni áður en NMT kerfið verður lagt niður.

Ríkislögreglustjórinn leggur til að skýrt verði kveðið á um í 2. gr. um hlutverk sjóðsins að það taki einnig til uppbyggingar á öryggis- og neyðarfjarskiptakerfi sem nái til alls landsins. Þá leggur ríkislögreglustjórinn til að tryggt verði að fulltrúi dómsmálaráðuneytiss sem fer með málefni löggæslu, björgunarmála og almannaþinga, eigi sæti í stjórn sjóðsins, en um skipan hans er kveðið í 3. gr. frumvarpsins.


Steinar Adolffson


Jón Bjartmarz

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2005.

Umsögn Ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Ríkisútvarpið fagnar stofnun fjarskiptasjóðs. Með honum opnast leið til fjármögnunar nýs stafræns dreifikerfis fyrir sjónvarp en Ríkisútvarpið hefur ekki bolmagn til að standa að uppbyggingu slíks kerfis án sérstakrar fjármögnunar. Stafrænt dreifikerfi fyrir útvarp (DAB) er í þróun en staða innleiðingar erlendis er enn í nokkurri óvissu. Samkvæmt útvarpslögum er Ríkisútvarpinu ætlað að dreifa dagskrá Sjónvarpsins (svo og Útvarpsins) til alls landsins. Að þessu marki hefur verið stefnt allt frá stofnun Sjónvarpsins árið 1966 en er enn ekki lokið. Núverandi dreifing Sjónvarpsins nær til um 99,9% heimila landsins í mismunandi myndgæðum. Ekki hefur sérstaklega verið unnið að dreifingu til sumarbústaðasvæða. Dreifikerfi Útvarpsins með blöndu af FM- og langbylgjudreifingu, nær til alls landsins og hafsvæðisins umhverfis það. Dreifikerfi Sjónvarpsins er hliðrænt og þarfnast endurnýjunar. Samkvæmt Fjarskiptaáætlun 2005-2010 er gert ráð fyrir að því verði lokað eigi síðar en 2010. Einfalt stafrænt dreifikerfi getur flutt 4-5 dagskrár en núverandi hliðrænt kerfi getur aðeins flutt eina sjónvarpsdagskrá. Með stafrænu dreifikerfi, sambærilegu og Sjónvarpið rekur nú, er unnt að auka dagskrárúrval sem þessu nemur.

Fjarskiptaáætlun 2005-2010 gerir ráð fyrir að RÚV hefji sendingar um gervitungl til sjómanna og til strjálbýlli svæða. Fyrir fáum árum stóð RÚV fyrir tilraunasendingum í samvinnu við gervitunglaeigendur. Sendingarnar mæltust mjög vel fyrir. Af fjárhagsástæðum hefur ekki verið unnt að hefja þjónustu sem þessa en árlegur kostnaður er mjög hár. Kostnaður er í beinu hlutfalli við dagskrárfjölda þ.e. 2 samtíma sjónvarpsdagskrár þýða tvöföldun á árlegum kostnaði o.s.frv. Vert er að hafa í huga að sendingar gervitungls ná ekki til allra byggðra bóla á Íslandi. Sjónlínu þarf frá móttökustað til gervitunglsins og vegna norðlægrar legu landsins myndast óhjákvæmileg skuggasvæði en sjónvarpsgervitungl eru öll yfir miðbaug (í um 36 þ. km hæð) og er lágmarkssjónarhorn, miðað við láréttan flöt, um 6-14 gráður háð vali á gervitungli. Auk sendinga um gervitungl er því nauðsynlegt að setja upp endurvarpssenda á jörðu niðri til að ná til allra heimila landsins.


Engar líkur eru á í náinni framtíð að dreifing sjónvarpsdagskrár um kapalkerfi komi í stað dreifingar í lofti, síst á strjálbýlli svæðum. Dreifing sjónvarpsefnis í lofti og í jörðu um kapal munu áfram verða rekin hlið við hlið og þjóna notendum eftir því sem markaðsaðstæður leyfa. Dreifing í lofti hentar vel til færanlegrar móttöku.

RÚV telur að vel fari á að hefja útsendingar um gervitungl sem upphaf endurnýjunar dreifikerfis Sjónvarpsins í stafrænni tækni. Það gefur m.a. möguleika á endurhögun í dreifikerfinu t.d. hvað varðar fjallastöðvar sem nauðsynlegar voru við upphaf sjónvarsdreifingar út um landið á sjöunda áratugnum en þýðing þeirra sem aðalstöðvar í dreifingu hefur minnkað. Sums staðar upp til sveita er sjónvarpsmóttaka háð sendingum frá þessum stöðvum. Notendur sem þá þyrftu að taka á móti gervitunglasendingum myndu þurfa að kaupa nauðsynlegan móttökubúnað sem er mun dýrari en búnaður fyrir hefðbundna sjónvarpsmóttöku. Með breytingu á reglum um aðflutningsgjöld væri hægt að væri hægt að auðvelda notendum kaup á slíkum búnaði


Ríkisútvarpið sendir útvarps- og sjónvarpsdagskrár sínar m.a. til svæða þar sem enginn markaðslegur grundvöllur er fyrir þjónustu. Það er lagaskylda Ríkisútvarpsins. Fjarskiptasjóði er ætlað að auðvelda uppbyggingu dreifikerfa á slíkum svæðum en mjög víða er Ríkisútvarpið nú eini ljósvakamiðillinn sem fólk hefur aðgang að. Gildir það bæði um útvarp og sjónvarp.

Ekki skal útilokað að samstarf náist um dreifingu til notenda og ný kerfi s.s. Digital Ísland, ADSL-kerfi Símans o.fl. kerfi sem eru fjölrásaveitur (fjöldagskrárveitur) hafa sýnt áhuga á að dreifa dagskrám Ríkisútvarpsins og hafa fengið heimildir til þess. Vera má að lagasetning á flutningsskyldu ("must-carry") dragi úr þörf Ríkisútvarpsins til að reka eigið dreifikerfi. Lagaleg útfærsla reglunnar er enn ekki lokið og því óljóst hvaða áhrif hún muni hafa á útgjöld Ríkisútvarpsins til þessa málaflokks.

Með kveðju,


Páll Magnússon.

Alþingi
Erindi nr. P 132/78
komudagur 18.11.2005



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 15 .nóv. 2005.

*Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.*

Varðar umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 15. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 8. nóv. 2005 þar sem óskað var til umsagnar frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsinsr.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



Alþingi
Erindi nr. P 132/168
komudagur 25.11.2005

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2005

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál

Almennt:

Samkeppniseftirlitið vekur athygli á hugsanlegum áhrifum af úthlutun úr þessum sjóði á samkeppni á markaði fyrir fjarskiptaþjónustu. Hvorki í frumvarpinu eða í athugasemdum er getið um verklag við úthlutun úr sjóðnum. Æskilegt er að mati Samkeppniseftirlitisins að fram komi með skýrum hætti, annað hvort í lögunum eða í lögskýringargögnum, að við úthlutun úr sjóðnum skuli gæta að samkeppnissjónarmiðum.

Páll Gunnar Pálsson

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Kristján Indriðason



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 132/38
komudagur 15.11.2005

Alþingi
Samgöngunefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 11.11.2005


Tilv. 023

HJ

Efni: Frv. til laga um fjarskiptasjóð.

Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 8. nóvember sl., þar sem ofanefnt frumvarp er sent til umsagnar Siglingastofnunar. Siglingastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

F. h. Siglingastofnun Íslands,


Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um fjarskiptasjóð (191. mál)

Vísað er til beiðni samgöngunefndar, dags. 8. nóvember 2005, um umsögn Símans vegna frumvarps til laga um fjarskiptasjóð. Frumvarpstextinn gefur ekki tilefni til ítarlegra athugasemda. Þó má nefna tvö atriði, sem vert er að gefa gaum í meðförum þingsins.

Annars vegar skal bent á, að vegna legu landsins hefur Ísland ákveðna sérstöðu þegar kemur að gjaldtöku fyrir gagnaflutninga til og frá landinu. Til að standa straum af kostnaði við rekstur sæstrengja hafa fjarskiptafyrirtækin farið þá leið að heimta sérstakt gjald fyrir svokallað niðurhal erlendis frá. Að öðru leyti má segja að talsímapjónusta hafi staðið straum af kostnaði við útlandasambönd.


Gera má ráð fyrir að eftir því sem fleiri fyrirtæki og opinberar stofnanir auki notkun á sk. IP tækni (pakkaskiptir gagnaflutningar) fyrir millilandasímtöl muni geta talsímapjónustu til að standa straum af útlandasamböndum fara minnkandi. Á sama tíma mun kostnaður við gagnaflutninga aukast eftir því sem þörf verður á bandbreiðari samböndum.


Hlutverk fjarskiptasjóðs skv. 2. gr. frumvarpsins er m.a. að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta. Ekki verður séð af greinargerð með frumvarpinu að undir stofnkerfi fjarskipta falli uppbygging og rekstur sambanda sem tengja landið við umheiminn heldur eru athugasemdir í greinargerð einskorðaðar við þjónustu innanlands. Með hliðsjón af þessu leggur Síminn til að í nefndarátliti samgöngunefndar komi fram með skýrum hætti að æskilegt sé að minnka fjarskiptakostnað einstaklinga og fyrirtækja vegna sæstrengja með því að fjarskiptasjóðurinn styrki uppbyggingu og rekstur sambanda sem tengja landið við umheiminn hvort heldur í sjó eða á landi.

Hins vegar er athygli nefndarinnar vakin á, vera kann nauðsynlegt að veita fjármagni úr sjóðnum til rekstrar en ekki eingöngu til fjármögnunar stofnkostnaðar. Sem dæmi má nefna, að gera verður ráð fyrir að farsímasendar sem settir verða upp á grundvelli úthlutunar úr sjóðnum verði á fjarlægum og óaðgengilegum slóðum. Því er fyrirséð að rekstrarkostnaður verður verulegur um leið og tekjur verða litlar. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps er hins vegar sérstaklega tekið fram að fyrst og fremst sé miðað við stofnkostnað en ekki þjónustu hvað varðar greiðslur úr sjóðnum.

Með vísan til þessa telur Síminn nauðsynlegt að í lagatexta verði stjórninni veitt sérstök heimild til að úthluta til verkefna þar sem fyrirséð að rekstur verði óarðbær. Lagt er til að slík heimild komi fram í 4. gr. um fjármögnun verkefna.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssíma Íslands hf.


f.h. Páll Ásgrímsson, hdl.



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 132/247
komudagur 30.11.2005

Reykjavík 30. nóvember 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Sjómannasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um fjarskiptasjóð. Sjómannasamband Íslands leggur áherslu á að fjarskiptasjóðurinn verði notaður til að bæta fjarskiptamál fyrir sjómenn. Að öðru leyti gerir Sjómannasambandið ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson



Alþingi
Erindi nr. P 132/116

komudagur 23.11.2005

SÝSLUMAÐURINN Á PATREKSFIRÐI

Aðalstræti 92 · 450 Patreksfjörður · Kt.: 570269-4969 · Sími: 450 2200 · Fax: 456 1550 · Netfang: patro@tmd.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál

Um 2. grein. *Hlutverk.*

Ég skil greinina þannig að hlutverk fjarskiptasjóðs verði að standa straum af kostnaði við nauðsynlega uppbyggingu fjarskiptakerfa *sem kveðið er á um í fjarskiptaáætlun*, og ekki verður ráðist í á markaðsforsendum.

Það þarf því að lesa fjarskiptaáætlun til að leita nánari skýringa á því hvaða verkefni falla undir skilgreint hlutverk sjóðsins. Ég las fjarskiptaáætlun sem lögreglustjóri og með tilliti til þess fjarskiptakerfis sem lögreglan í landinu er að byggja upp, Tetra kerfisins, en stofnkostnaður við að ljúka uppbyggingu þess leikur á hundruðum milljóna.

Eina umfjöllunin í fjarskiptaáætlun um Tetra kerfið er stutt lýsing á kerfinu og notkun þess á bls. 48 en engin áform fann ég þar um uppbyggingu þess sem hluta af fjarskiptaáætlun. Ef ætlunin er að fjarskiptasjóður standi straum af stofnkostnaði Tetra kerfisins, er nauðsynlegt að það komi skýrt fram í lögunum. Ef það stendur ekki til að fjarskiptasjóður standi straum af stofnkostnaði Tetra kerfisins, er nauðsynlegt að ljóst liggi fyrir með hvaða hætti uppbygging kerfisins verður fjármögnuð.

Fáir landshlutar þurfa að reiða sig í jafn ríkum mæli á NMT-farsímaþjónustu Landsímans, og sunnanverðir Vestfirðir. NMT-kerfið er sem stendur eina langdræga farsímakerfið sem virkar víðast hvar á helstu þjóðvegum í umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði s.s. Vestfjarðavegi nr. 60, Barðastrandarvegi nr. 62 og Bíldudalsvegi nr. 63, svo ekki sé minnst á helstu ferðamannastaði s.s. Breiðafjarðareyjar, Látrabjarg, Rauðasand og Selárdal í Arnarfirði.

Ég vek athygli samgöngunefndar á þessu ekki síst vegna þess að sú staðreynd að einungis NMT samband er á þessum slóðum en nær ekkert GSM samband gerir það að verkum að öryggi vegfarenda þar er nú þegar í algjöru lágmarki, þar sem allur almenningur á Íslandi og erlendir ferðamenn reiða sig að langmestu leiti á GSM-farsímaþjónustu.

Tetra farsímakerfið er ekki til staðar í þessum landshluta, og því verður lögreglan í umdæminu að reiða sig á NMT-farsímaþjónustuna sem stendur til að leggja niður árið 2007. Það er því verulegt áhyggjuefni að hvorki í frumvarpinu sjálfu né athugasemdum með því er ráð fyrir því gert að fjarskiptasjóður úthluti fjármagni til uppbyggingar Tetra kerfisins, sem jafnframt því að vera farsímakerfi gegnir því hlutverki í vaxandi mæli að vera talstöðvakerfi fyrir lögreglu, hjálparsveitir og slökkvilið.

Um að ræða gríðarlega mikilvægan þátt í starfsemi lögreglunnar á Íslandi og fátt mikilvægara út frá öryggissjónarmiðum en að lögreglan á landinu öllu starfi í einu og sama fjarskiptakerfinu, bæði í innbyrðis samskiptum og í samskiptum við samstarfsaðila sína s.s. hjálparsveitir og slökkvilið. Það er óásættanlegt fyrir lögreglu að þurfa að reiða sig á fjarskiptakerfi, sem á það til að breyta undir miklu álagi, einmitt þegar áreiðanleiki þess skiptir mestu máli, eins og dæmin sanna um GSM-kerfi.

Sýslumaðurinn á Patreksfirði

23. nóvember 2005

Þórólfur Halldórsson



Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 15. nóvember 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð.


Í 1. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi fram um tilgang sjóðsins:

Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir samgönguráðuneytið.

Í athugasemdum með 1. gr. koma fram nánari skýringar á verkefnum sjóðsins sem eru helst þessi:

Meginmarkmiðin eru m.a. stóraukin uppbygging GSM-senda á hringveginum, helstu stofnvegum og á fjölförnum ferðamannastöðum, dreifing stafræns sjónvarps um gervihnött, með stórbætta þjónustu fyrir sjófarendur að leiðarljósi og öflug uppbygging á háhraðatengingum á þeim svæðum sem fjarskiptafyrirtækin hafa ekki þjónað út frá markaðslegum forsendum hingað til.

Eins og hér kemur fram þá á að stórbæta sjónvarpsþjónustuna við sjómenn, sem ekki er nú vanþörf á. Til viðbótar er rétt að benda á að bæði síma og internet- þjónusta við sjómenn er mjög kostnaðarsöm og þar sem þeir eru hluti að okkar samfélagi er það krafa Vélstjórafélags Íslands að þeir eigi rétt á þessari þjónustu á sama verði og þeir sem starfa í landi. Því er það krafa félagsins að það verði tekið tillit til þessa við fullvinnslu frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,


Helgi Laxdal, formaður



Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 24. nóvember 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð.


Í 1. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi fram um tilgang sjóðsins:

Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir samgönguráðuneytið.

Í athugasemdum með 1. gr. koma fram nánari skýringar á verkefnum sjóðsins sem eru þessar helstar:

Meginmarkmiðin eru m.a. stóraukin uppbygging GSM-senda á hringveginum, helstu stofnvegum og á fjölförnum ferðamannastöðum, dreifing stafræns sjónvarps um gervihnött, með stórbætta þjónustu fyrir sjófarendur að leiðarljósi og öflug uppbygging á háhraðatengingum á þeim svæðum sem fjarskiptafyrirtækin hafa ekki þjónað út frá markaðslegum forsendum hingað til.

Eins og hér kemur fram þá á að stórbæta sjónvarpsþjónustuna við sjómenn, sem ekki er nú vanþörf á. Til viðbótar er rétt að benda á að bæði síma- og internetþjónusta við sjómenn er mjög kostnaðarsöm og þar sem þeir eru hluti að okkar samfélagi er það krafa Vélstjórafélags Íslands að þeir eigi rétt á þessari þjónustu á sama verði og þeir sem starfa í landi. Í því sambandi bendir félagið á 4. mgr. 1. gr. laga nr. 81 frá 2003 um fjarskipti en þar segir: **Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.**

Viðfangarfullst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,

Helgi Laxdal, formaður